

# Umsögn Hrunamannahrepps um frv. um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 478. mál

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps gerir alvarlegar athugasemdir við þær tillögur að endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem frumvarpið felur í sér og þann mikla tekjumissi sem Hrunamannahreppur mun verða fyrir verði þessi breyting á regluverki Jöfnunarsjóðs að veruleika.

Frumvarpið var áður til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda í mars sl. Í umsögn Hrunamannahrepps um drögin voru gerðar athugasemdir um allmörg atriði sem samanlagt leiða til þess að áætlað er að árleg framlög jöfnunarsjóðs til Hrunamannahrepps skerðist um nálægt fjórðung eða um ~50 m.kr.

Ekki verður séð að neitt tillit hafi verið tekið til þeirra ábendinga sem Hrunamannahreppur setti fram á sínum tíma núna þegar endanlegt frumvarp er komið fram og er því fullt tilefni til alvarlegra athugasemda við frumvarpið.

## Almennt um frumvarpið

Hrunamannahreppur mótmælir því harðlega að samþykkt verði lög á Alþingi sem ganga jafn harkalega gegn hagsmunum sveitarfélagsins og ógni þar með fjárhagslegri sjálfbærni þess. Miðað við áætlaða rekstrarniðurstöðu ársins 2023 og ef gengið er út frá að árleg framlög frá Jöfnunarsjóði verði framvegis ríflega **50 milljónum** lægri en þau eru í ár mun skapast verulegur rekstrarhalli sem hefur mikil áhrif á getu sveitarfélagsins til að veita lögbundna þjónustu.

Fyrir flest sveitarfélög skiptir regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga miklu máli. Mikilvægt er að lagaumgjörð um starfsemi sjóðsins sé skýr og sanngjörn. Jákvætt er að um að hann verði sett sérstök lög en skapa þarf mun breiðari sátt um inntak þeirra laga.

Í jafn umfangsmiklu máli og hér um ræðir geta sveitarfélög og samtök þeirra á engan hátt unað því að gerðar séu grundvallarbreytingar á frumvarpinu, **án samráðs**, rétt fyrir framlagningu þess á þingi eins og raunin er um breytingu sem gerð var á 13. gr. frv. Líklegt má telja að breytingin sem felst í því að skerðingar sem koma til ef hámarksútsvar er ekki innheimt gagnist einkum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem ekki leggja á hámarksútsvar og að afleiðingin verði umtalsverð tilfærsla fjármuna frá sveitarfélögum sem búa við erfiðari aðstæður til tekjuöflunar í hinum dreifðaðri byggðum landsins.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps vill minna á mikilvægi þess að haldið sé í heiðri raunverulegu hlutverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga en það er að jafna mismunandi útgjaldapörf og skatttekjur með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi hans. Tilgangurinn er að sveitarfélögin standi á jafnari grunni, að teknu tilliti til land- og lýðfræðilegra þátta auk fjárhagslegs styrks, til að sinna sínum lögbundnum verkefnum.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs hefur hingað til verið að tryggja eins og kostur er að þau sveitarfélög sem hafa minni möguleika til tekjuöflunar en önnur fái framlög en ekki að framlög séu veitt til þeirra sveitarfélaga sem þegar hafa meira og jafnvel svo mikið að þau þurfa ekki að fullnýta þá tekjustofna sem þeim standa til boða svo sem útsvarið.

Hrunamannahreppur skorar á öll sveitarfélög og samtök sveitarfélaga um allt land að mótmæla slíkum vinnubrögðum harðlega.

### **Um breytingu á 13. grein frumvarpsins.**

Í 13. grein frumvarpsins hefur verið gerð breyting sem fljótt á lítið kann að láta lítið yfir sér en felur í sér grundvallarbreytingu frá þeim drögum að frumvarpi sem var til umsagnar í mars. Með því að fella brott 4. og 5. mgr. úr 13. gr. skapast sú staða að sveitarfélög sem ekki fullnýta heimild til álagningar útsvars fá að óbreyttu óskert framlög frá Jöfnunarsjóði. Vert er að undirstrika sérstaklega að flest þessara sveitarfélaga standa vel fjárhagslega og eru jafnframt í mun betri færum til tekjuöflunar heldur en þau sveitarfélög sem reiða sig hvað mest á framlög úr jöfnunarsjóði. Með breytingunni er vegið að forsendum jöfnunar og grundvallar markmiðum með sameiginlegum jöfnunarsjóði.

Það getur hreinlega ekki verið vilji löggjafans að íbúar annarra sveitarfélaga fjármagni þá ívilnun til íbúa sem sum sveitarfélög veita sínum íbúum með því að leggja ekki á hámarksútsvar. Tilefni er til að benda á að meðal útsvarstekjur íbúa þessara sveitarfélaga eru yfirleitt með þeim hæstu á öllu landinu. Á sama tíma og þessi breyting er gerð á frumvarpinu gerir reiknilíkan jöfnunarsjóðs að öðru leyti ráð fyrir því sem ófrávíkjanlegri meginreglu að sveitarfélög sem hafa tekjumöguleika umfram önnur fái lægri framlög frá sjóðnum eða í sumum tilvikum engin jöfnunarframlög.

### **Áhrif þess að afnema fasteignaskattsjöfnun**

Megin skýringin á því að áætluð framlög til Hrunamannahrepps lækka svo mikið og raunin er skýrist af því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hætt verði að greiða framlög til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja. Til þessa framlags er varið 6.500 m.kr. á árinu 2023. Hér er því um veigamikla breytingu að ræða.

Um er að ræða sérstakt framlag sem byggist á samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga frá árinu 2000. Markmið samningsaðila var að bæta sveitarfélögum að fullu reiknað tekjutap þeirra sem nemur mismun á því að leggja á fasteignaskatta miðað við fasteignamat á hverjum tíma, sem byggir á reiknuðu markaðsverði fasteigna, og reiknuðum álagningarstofni sem miðaðist við raunverð sambærilegra fasteigna í Reykjavík.

Umræddu samkomulagi hefur ekki verið sagt upp og hlýtur það því enn að vera í gildi. Sveitarfélög sem verða fyrir tekjuskerðingu við lagabreytinguna hljóta því a.m.k. að hafa mjög skýra fyrirvara um lögmæti lagasetningarinnar. Tilefni er jafnframt til að

undirstrika að afnám þessa framlags er á engan hátt forsenda þeirra breytinga á jöfnunarframlögum sem innleiða á með frumvarpinu.

Það er ljóst að við boðaða breytingu mun sveitarfélögum þar sem tekjur eru nokkrar af sumarbústöðum vera hegnt fyrir tilvist þeirra með umtalsvert minni framlögum úr Jöfnunarsjóði án þess að tillit sé tekið til þess kostnaðar sem ávallt fellur til við þjónustu við frístundabyggð. Má þar til dæmis nefna aukinn kostnað við vatnsöflun, þjónustu við rotþrær og fráveitu sem og við brunavarnir, almannavarnir og skipulags- og byggingamál.

Það er mikilvægt að halda því til haga að tekjur af frístundabyggð eru ekki hreinar tekjur í vasann heldur þurfa þær að standa undir viðamiklum innviðum og þjónustu sem nauðsynleg er.

Mikilvægt er að minna enn og aftur á að tilgangur fasteignaskattsframlagsins hefur verið að jafna tekjutap sveitarfélaga á landsbyggðinni þar sem matsvirði fasteigna er alls staðar lægra en til dæmis er reyndin á höfuðborgarsvæðinu. Ef framlagið er fellt niður er fyrirséð að umrædd tillaga muni hafa talsverð áhrif á úthlutanir til margra sveitarfélaga á landsbyggðinni.

Það að missa fjórðung af framlagi Jöfnunarsjóðs mun hafa afgerandi áhrif á fjárhag Hrunamannahrepps og getu sveitarfélagsins til að veita íbúum góða og sambærilega þjónustu á við önnur sveitarfélög.

### **Áhrif á væntar sameiningar sveitarfélaga**

Rætt hefur verið um að með endurskoðuninni sé verið að stuðla að fjárhagslegum hvötum til sameiningar en því miður virðist sem svo sé ekki raunin varðandi sveitarfélög í uppsveitum Árnassýslu en umræða varðandi sameiningu þessara sveitarfélaga hefur ítrekað komið upp.

Miðað við núverandi reglur Jöfnunarsjóðs fá sveitarfélögin fjögur í Uppsveitum Árnassýslu, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur framlög upp á 350 milljónir króna við sameiningu, en sameinuð í nýju regluverki Jöfnunarsjóðs myndi framlagið minnka um nærri því 100% og verða nálægt því að engu. Má þar áætla að það sé vegna útreikninga Jöfnunarsjóðsins vegna Grímsnes- og Grafningshrepps og má út frá því einnig áætla að það sé ekki sameiningarhvati hjá nágrannasveitarfélögum til að sameinast slíku sveitarfélagi. Það er vont til þess að hugsa að breytt regluverk Jöfnunarsjóðs verði til þess að koma í veg fyrir sameiningar sveitarfélaga sem áður voru taldar nokkuð álitlegar.



## Aðlögunartímabil.

Í ákvæði til bráðabirgða II er fjallað um aðlögunartímabil við innleiðingu hins nýja jöfnunarlikans. Þannig verði aðlögunartími þrjú ár og innleiðing verði í áföngum þar til nýja jöfnunarlikanið verði að fullu innleitt árið 2028. Í ljósi þess hve lögfesting frumvarpsins hefur mikil áhrif telur Hrunamannahreppur augljóst að aðlögunartímabilið er of stutt og viljum við því leggja til að tímabilið verði lengt úr þremur árum í a.m.k. fimm ár.

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum mun það valda verulegum frávikum frá áætluðum tekjum Hrunamannahrepps, eins og gert er ráð fyrir í þriggja ára áætlun áráanna 2025-2027. Frumvarpið er því alvarleg ógn við fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélagsins og er mikilvægt að aðlögunartímabilið verði lengra en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Nánar um forsögu framlagsins og um fyrirvara við skýringar með frumvarpinu vísast til minnisblaðs frá Guðjóni Bragasynti lögmanni.

Hrunamannahreppur, 17. desember 2023

  
Aldís Hafsteinsdóttir,  
Sveitarstjóri

